



Reykjavíkurborg  
Kjarapróunardeild

Alþingi  
Erindi nr. P 130/574  
komudagur 9.12.2003

Reykjavík, 8. desember 2003  
R03110182  
1320

Nefndasvið Alþingis  
Hjálmar Árnason, formaður félagsmálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

***Umsögn - frumvarp til laga um starfsmenn í hlutastörfum, þskj. 559, mál 411.***

Að því gefnu að umrætt frumvarp verði að lögum telur umsagnaraðili að tilskipun nr. 97/81/EB sé innleidd með réttum og fullnægjandi hætti.

Af hálfu umsagnaraðila eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarp til laga um starfsmenn í hlutastörfum vegna innleiðingar á tilskipun nr. 97/81/EB um rammisamning um hlutastörf.

Af gefnu tilefni er rétt að áréttu að undantekningarákvæði 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins varðandi starfsmenn sveitarfélaga byggir á hlutlægum ástæðum og eru hluti af núgildandi kjarasamningsumhverfi á opinberum vinnumarkaði. Heimild til þess er í tilskipuninni sjálfri, 2. tl. 2. gr. tilskipunarinnar, undanþágan er því ekki andstæð evrópurétti eða íslenskum réttarreglum og hefur ekki áhrif á markmið tilskipunarinnar sjálfrar. Til dæmis má nefna að innbyrðis réttarstaða tímakaups- og hlutastarfsráðinna starfsmanna verður ekki lögð saman að jöfnu. Tímakaupsráðinn starfsmaður hefur því fengið greitt hærra tímakaup í dagvinnu, en sá sem tekur hlutfallsleg mánaðarlaun skv. gildandi kjarasamningum hjá Reykjavíkurborg. Með þessu móti hafa samningsaðilar vegið upp á móti ólíkri réttarstöðu þessarra tveggja ráðningarforma. Heimild til tímakaupsráðningar er í kjarasamningum nú þegar og hefur ekki valdið ágreiningi til þessa. Viðurkennt hefur því verið á íslenskum vinnumarkaði um langt árabíl að í tilteknum aðstæðum, séu hagsmunir vinnuveitenda og launþega tryggðir í tímakaupsráðningu og í því felist ekki mismunun.

Ákvæði 3. mgr. 2. gr. tekur mið af innleiðingu og framkvæmd tilskipunarinnar í Danmörku, en þar er sambærilegt undanþáguákvæði varðandi starfsmenn sveitarfélaga í lögum. Fleiri ríki auk Danmerkur hafa nýtt sér undanþáguheimild þessa sem að tilskipunin heimilar, t.d. Frakkland, Írland og Spánn. Markmið tilskipunarinnar er að ekki eigi að mismuna launþegum í hlutastarfi og launþega sem er í fullu starfi og stuðla eigi að þróun hlutastarfa, þannig að tekið sé tillit til þarfa vinnuveitenda og launþega. Þessi túlkun endurspeglar í kjarasamningum starfsmanna ríkis og sveitarfélaga í Danmörku, en þar eru lausráðnir starfsmenn eða tímakaupsráðnir undanskildir gildissviði tilskipunarinnar.

Inn í þessa umræðu verður að benda á sérstöðu ASÍ í samningaviðræðunum sem áttu sér stað. Í samningi ASÍ og SA um hlutastörf er hvergi tekið á lausráðnum starfsmönnum eins og

umsagnaraðili hefur áður lagt til. Þetta er í samræmi við gerð kjarasamninga systurfélags ASÍ í Danmörku, Landsorganisationen i Danmark við Dansk Arbejdsgiverforening. Í þeim kjarasamningi er hvergi minnst á lausráðna starfsmenn, ekki frekar en í samningi ASÍ og SA. Hér verður að benda á að Landsorganisationen i Danmark hefur ekki sammingsumboð gagnvart opinberum vinnuveitendum í Danmörku. Í sömu samningalotu í tengslum við setningu laga um hlutastörf í Danmörku, voru lausráðnir starfsmenn sérstaklega undanskildir á opinberum vinnumarkaði. Það er því lagt til að innleiðing tilskipunarinnar verði framkvæmd með sama hætti og í Danmörku.

Lagafrumvarpið er í góðu samræmi við kröfu sveitarfélaga í viðræðum við heildarsamtök aðila vinnumarkaðarins um gerð kjarasamnings um meginefni tilskipunarinnar.

Virðingarfyllt



Birgir Björn Sigurjónsson,  
forstöðumaður kjarapróunardeildar